

|                   |                                                                                           |                                                                                     |
|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                                                       |  |
| Útgáfa: 08        |                                                                                           |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 | <b>Lokaverkefni í húsgagnasmíði</b><br><b>LHG106C</b><br><b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b> |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     |                                                                                           |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                                                           |                                                                                     |
| Síða 1 af 2       |                                                                                           |                                                                                     |

|                                          |                      |                               |
|------------------------------------------|----------------------|-------------------------------|
| <b>Kennari</b><br>Halldór Torfi Torfason | <b>Sk.st.</b><br>HTT | <b>Netfang</b><br>dori@vma.is |
|------------------------------------------|----------------------|-------------------------------|

Undanfarar: PLG 106 og SET 104

## Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur verkefni sem felur í sér samþættingu þekkingar og færni sem aflað hefur verið í skóla og vinnustað á námstímanum. Áhersla er lögð á skipulagningu, framkvæmd, eftirlit, skráningu og rökstuðning en að öðru leyti er ekki um að ræða fyrirfram ákveðna verkþætti. Reynt er að líkja eftir aðstæðum í atvinnulífinu og því hefur nemandi aðgang að öllum fyrirbyggjandi gögnum, efni, áhöldum og tækjum meðan á verkefninu stendur. Þar sem verkefninu er ætlað að endurspeglar raunverulegar aðstæður er æskilegt að tíminn sem ætlaður er til þess dreifist ekki á langt tímabil.

## Áfangamarkmið

Nemandi

- geti undirbúið verkefni sem honum er fengið á eigin spýtur
- geti unnið verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn
- kunni að búa til efnis- og kostnaðaráætlun
- geti valið heppileg áhöld og tæki fyrir einstaka verkþætti
- geti aflað sér upplýsinga um útfærslur, efni, áhöld og tæki
- geti framkvæmt verkefnið sjálfstætt í samræmi við áætlanir
- fylgi fyrirbyggjandi verkáætlun og hönnunargögnum
- vinni í samræmi við áætlanir um tíma og kostnað
- geti unnið í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- vinni með hliðsjón af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað
- geti gert öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess
- geti rökstutt val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum
- geti gert grein fyrir efnisafföllum og frávikum frá kostnaðaráætlun
- geti lagt mat á verkáætlun og hönnunargögn vegna verksins
- geti metið gæði verks með hliðsjón af lögum, reglugerðum og stöðlum
- geti gert grein fyrir notkun og viðhaldi á áhöldum og tækjum

## Efnisatriði/kjarnahugtök

Sjálfstæð vinnubrögð, verkefnavinna, skipulagning, gæðamál, öryggismál, áætlanagerð, hönnunargögn, lög, reglugerðir, teikningar, uppdrættir, verklýsingar, upplýsingaöflun, staðlar.

|                   |                                                                                           |                                                                                     |
|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                                                       |  |
| Útgáfa: 08        |                                                                                           |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 |                                                                                           |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     | <b>Lokaverkefni í húsgagnasmíði</b><br><b>LHG106C</b><br><b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b> |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                                                           |                                                                                     |
| Síða 2 af 2       |                                                                                           |                                                                                     |

## Kennslugögn:

Teikningar af náttborði frá kennara.

Allt það sem nemi getur aflað sér á neti eða annarsstaðar í samvinnu við kennara.

## Starfsaðferðir og verkefni:

Áfanginn verður unninn í samhengi við THG 303, þar sem hönnun lokaverkefninsins og áætlanagerð fer fram.

Nemar vinna verkefni á verkstæði VMA í samfloti við LHÚ 104 og þurfa síðan að bæta sér upp þann tíma sem á vantar (tvær einingar/fjórar kennslustundir) á öðrum tímum dagsins.

| Vika   | Unnið við                                 | Verkefni     |
|--------|-------------------------------------------|--------------|
| 2 – 5  | Gamalt sveinspróf<br>Hönnun lokaverkefnis | Náttborð     |
| 6 – 18 | Verkefni að eigin vali                    | Lokaverkefni |

## Námsmat:

Áfanginn er próflaus. Verkefni gilda 100%.

Smíði náttborðs (gamals sveinsprófsverkefnis) gildir 25%

Smíði lokaverkefnis að eigin vali gildir 75%

## Dagsetning:

5. janúar 2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils